



HRUNAMANNAHREPPUR

45. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2006 – 2010 3. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 1. APRÍL 2009
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2009, þann 1. apríl kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri sem skráði fundargerð og Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti sem setti fund og stjórnaði honum. Í upphafi fundar sátu Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi frá KPMG og Svanhildur Pétursdóttir, skrifstofustjóri undir 1. lið dagskrár fundarins. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Dagskrá fundarins:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Drög að ársreikningi Hrunamannahrepps 2008.
2. Þjóðskrá: Alþingiskosningar – 2009-
3. Íbúðalánasjóður v. Miðhofs 1,3,5, og 7. (staða mála).
4. Samgönguráðuneytið: v. kæru Árna Hjaltasonar vegna eignarnáms.
5. Drög að reglum um tjaldsvæði á Flúðum frá Trogi ehf.
6. Byggð á Brikum – tillaga mars 2009.
7. Fannborg ehf. umsókn til Ferðamálaráðs v. framkvæmda.
8. Drög að samningi ÁSÆL og Hrunamannahrepps.

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps

1. 31. fundur veitustjórnar frá 23. mars s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

1. 11. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 25. mars s.l.
2. 111 fundur Félagsþjónusta í uppsveitum Árnassýslu frá 3. mars s.l.:

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 422. fundur stjórnar frá 19. mars s.l.
- b. Skólaskrifstofa Suðurlands: 113. stjórnarfundur frá 16. mars s.l.
- c. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: 282. fundur frá 4. mars s.l.
- d. Tónlistarskóli Árneseinga: 147., 148., 149. fundur
- e. Tónlistarskóli Árneseinga: Bókun vegna endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar.

Aðrar upplýsingar:

- a. Ungmennafélag Íslands: Unglingamót bréf frá 13. mars.
- b. Umhverfisstofnun: Raf- og rafeindatækjaúrgangur.
- c. Sambandið: Hugleiðing um þriggja ára áætlun.
- d. SFSI: Samtök forstöðumanna sundstaða á Íslandi bréf frá 13. mars.
- e. Héraðssambandið Skarphéðinn: Bréf frá 19. mars s.l.
- f. Samgönguráðuneytið: Jöfnunarsjóður nýbúafræðsla bréf frá 20. mars s.l.
- g. Halldóra Hjörleifsdóttir: Starfshópur um akstur utan vega
- h. Ríkiskaup: Rammasamningur
- i. Fornleifavernd: Silfurmyri úr landi Miðfells bréf frá 4. mars s.l.
- j. Byggðastofnun: Drög að byggðaáætlun hugmyndir í vinnslu frá 9. mars.
- k. Menntamálaráðuneytið: Menningarlandið;ráðstefna á Hótel Stykkishólmi, 11. og 12.mai
- l. Mannvit: Tilboð um útboð vegna sorphirðu- þjónustuboð.

Fundir framundan:

- Samgönguráð fundur á Hótel Selfossi 2. apríl n.k. kl. 14.00
Samgönguáætlun 2111.

Gengið til dagskrár:

1. **Drög að ársreikningi Hrunamannahrepps 2008.** Oddviti lagði fram Ársreikning Hrunamannahrepps fyrir árið 2008 til fyrri umræðu. Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi kynnti helstu kennitölur en áður höfðu skoðunarmenn hreppsreiknings þau Kristbjörg Kristinsdóttir og Pálmar Þorgeirsson undirritað hann. Nokkrar umræður voru um reikninginn og er vísað til framlagðra gagna. Afgreiðslu vísað til næsta fundar hreppsnefndar.
2. **Þjóðskrá: Alþingiskosningar – 2009-** Oddviti kynnti bréf frá 20. mars s.l. vegna Alþingiskosninga 25. apríl n.k. Sveitarstjóra falið að senda kjörstjórn afrit af bréfinu og auglýsa kjörskrá og kjörfund.
3. **Íbúðalánasjóður v. Miðhofs 1,3,5, og 7. (staða mála).** Sveitarstjóri sagði frá fundum sem hann hafði átt með fulltrúum Íbúðalánasjóðs sem hafa leyst til sín húsin við Miðhof 1,3,5,7. Einnig sagði hann frá fundi sem hann hefur átt með f.v. byggingarfulltrúa uppsveita Árnessýslu vegna athugasemda Íbúðalánasjóðs. Ljóst er að byggingastjóri er að húsunum sem sveitarstjóri hefur einnig sent bréf og verið í sambandi við.
4. **Samgönguráðuneytið: v. kærnu Árna Hjaltasonar vegna ákvörðunar Hrunamannahrepps um eignarnám.** Oddviti kynnti bréf frá Samgöngumálaráðuneytinu dagsett 18. mars s.l. vegna fyrirhugaðs eignarnáms vegna Bakkatúnsvegjar. Þar er óskað eftir svari við því hvort hreppsnefnd verði við varakröfu Árna Hjaltasonar um að kaupa mannvirki og rekstur Útlagans. Hreppsnefnd hafnar kröfunni en Esther Guðjónsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins.
5. **Drög að reglum um tjaldsvæði á Flúðum frá Trogi ehf.** Oddviti lagði fram drög að reglum sem gilda eiga á tjaldsvæði við Flúðir. Hreppsnefnd gerir nokkrar athugasemdir við drögin m.a. varðandi óþarfa umferð, næturvörslu, dvöl yfir vetrartíma og fer fram á enn skýrari texta þar sem það á við. Sveitarstjóra falið að koma athugasemdunum á framfæri.
6. **Byggð á Bríkum – tillaga mars 2009.** Oddviti kynnti tillögu að samningi milli Byggðar á Bríkum og Hrunamannahrepps sem borist hefur frá eigendum fyrirtækisins frá 24. mars s.l. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra oddvita, varaoddvita, veitustjóra og öðrum þeim hreppsnefndarmönnum sem áhuga hafa á að ræða við forsvarsmenn Byggðar á Bríkum. Hreppsnefnd er sammála um ákveðnar lagfæringar á samkomulaginu; eru þær helstar: 1. Að Hrunamannahreppur innheimti heimtaugagjöld vegna veitna í þessu hverfi sem og öðrum. 2. Að samkomulag verði um eftirlit og eftirlitskostnað. 3. Að Byggð á Bríkum afhenti lóð fyrir leikskóla í hverfinu í loka áfanga. 4. Að orðalag í samningnum verði lagfært m.a. að Hrunamannahreppur leggi verkefninu lið af heilum hug m.a. með uppbyggingu atvinnulífs í hreppnum.
7. **Fannborg ehf. umsókn til Ferðamálaráðs v. framkvæmda.** Oddviti kynnti bréf þar sem Fannborg ehf. óskar eftir styrk til ferðamálaráðs vegna framkvæmda við Kerlingarfjöll. Hreppsnefnd lýsir ánægju sinni með uppbyggingu Fannborgar á svæðinu og styður umsókn þeirra til Ferðamálaráðs.
8. **Drög að samningi ÁSÆL og Hrunamannahrepps.** Oddviti kynnti drög að samningi Ásæls og Hrunamannahrepps. Þar sem ÁSÆLL afhendir Hrunamannahreppi sæluhúsið í Fosslæk á afrétti Hrunamannahrepps. Hrunamannahreppur leigir húsið út frá 15. júní til 15. ágúst ár hvert. Ásæll hefur umsjón með húsinu í annan tíma. Hreppsnefnd samþykkir drögin með þeim fyrirvara að í honum séu uppsagnarákvæði, að hann nái yfir ákveðið tímabil og að í honum standi í lið 2 „ afhent til eignar“. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum. Að afloknum þessum dagskrárlið vék oddviti af fundi, fól varaoddvita fundarstjórn og Eva Marín Hlynisdóttir varahreppsnefndarmaður kom til fundarins.

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps

1. 31. fundur veitustjórnar frá 23. mars s.l. Oddviti kynnti fundargerð 30. fundar veitustjórnar. Á fundinum var lagður fram ársreikningur Hitaveitu Flúða ársins 2008. Veitustjóri sagði frá fundi með landeigendum á Laugum vegna áframhaldandi borunar í hreppnum, fjallað um Átaksveitu, stofnlögn að Hrafnkelsstöðum o.fl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

1. 11. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 25. mars s.l. Oddviti kynnti og lagði fram fundargerð fundar byggingar og skipulagsfulltrúa frá 28. janúar sl. Þar er m.a. fjallað um breytingar á Suðurbrún 8. lóð við Garð. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og auglýsingu á deiliskipulagi Garðs – Hvamms 1 og hluta Hverhólma fyrir sitt leyti en með fyrirvara um samþykki annarra landeigenda Hverhólma.
2. 111 fundur Félagsþjónusta í uppsveitum Árnassýslu frá 3. mars s.l.: Oddviti kynnti fundargerð 111. fundar félagsmálanefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina en varðandi 6. lið hafnar sveitarstjórn erindinu.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 422. fundur stjórnar frá 19. mars s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- b. Skólaskrifstofa Suðurlands: 113. stjórnarfundur frá 16. mars s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- c. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: 282. fundur frá 4. mars s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- d. Tónlistarskóli Árneseinga: 147., 148., 149. fundur Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- e. Tónlistarskóli Árneseinga: Bókun vegna endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.

Aðrar upplýsingar:

- a. Ungmennafélag Íslands: Unglingamót bréf frá 13. mars. Lagt fram til kynningar.
- b. Umhverfisstofnun: Raf- og rafeindatækjaúrgangur. Lagt fram og erindið sent Umhverfisstofnun til kynningar.
- c. Sambandið: Hugleiðing um þriggja ára áætlun. Lagt fram til kynningar.
- d. SFSI: Samtök forstöðumanna sundstaða á Íslandi bréf frá 13. mars. Lagt fram til kynningar.
- e. Héraðssambandið Skarphéðinn: Bréf frá 19. mars s.l. Lagt fram til kynningar.
- f. Samgönguráðuneytið: Jöfnunarsjóður nýbúafræðsla bréf frá 20. mars s.l. Lagt fram til kynningar.
- g. Halldóra Hjörleifsdóttir: Starfshópur um akstur utan vega Lagt fram til kynningar.
- h. Ríkiskaup: Rammasamningur Lagt fram til kynningar.
- i. Fornleifavernd: Silfurmyri úr landi Miðfells bréf frá 4. mars s.l. Lagt fram til kynningar.
- j. Byggðastofnun: Drög að byggðaaætlun hugmyndir í vinnslu frá 9. mars. Lagt fram til kynningar.
- k. Menntamálaráðuneytið: Menningarlandið ráðstefna á Hótel Stykkishólmi, 11. og 12.maí Lagt fram erindið sent FMÆ nefnd til kynningar.
- l. Mannvit: Tilboð um útboð vegna sorphirðu- þjónustuboð. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- Samgönguráð fundur á Hótel Selfossi 2. apríl n.k. kl. 14.00 Samgönguáætlun 2011.

Sveitarstjóri sagði bréfi frá Brunamálastofnun þar sem lögð er áhersla á að gerð verði brunavarnaráætlun Hrunannahrepps. Sveitarstjóri hefur falið Jóhanni Marelsyni, slökkviliðsstjóra að vinna að áætluninni í samvinnu við Brunamálastofnun.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:35

